

ekki hægt að fallast á það, að stefnandi máls þessa hafi haft réttmæta ástæðu til þess að ætla, að sveinafélagið vildi með samningnum frá 18. júlí s. l. falla frá þessu atriði með nemendurna, og það því síður sem ekki voru í samninginn 18. júlí tekin upp nein ákvæði um töku nemenda eða tölu þeirra hjá stefnanda, svo sem verið hafði í samningnum milli múrarameistarafélagsins og sveinafélagsins. Dómurinn verður því að fallast á þá skoðun stefnda, að stefnanda sé því aðeins heimilt að vinna með nemendum sínum að þeim verkum, sem um getur í 1. lið samningsins frá 18. júlí, að þeir séu meðlimir í Sveinafélagi múrara, og verður því þessi kröfuliður stefnanda ekki tekinn til greina að þessu leyti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður, að því er snertir þennan hluta máls þessa, falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. greinar laga nr. 80/1938 um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar. Stefnanda, Jóni Eiríkssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framangreinds samnings og hann lætur framkvæma, en honum er óheimilt að nota til þeirra verka nemendur í múraraiðninni, sem ekki eru í Sveinafélagi múrara.

Málskostnaður falli niður.

Fimmtudaginn 16. nóvember 1939.

Nr. 27/1939. Magnús Guðbergur Maríonsson
gegn

Málarasveinafélagi Reykjavíkur.

Ágreiningur út af skyldu stéttarfélags til þess að veita málarasveini félagsréttindi. Félagið sektað fyrir brot á 2. gr. l. nr. 80/1938.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi af Magnúsi Guðbergi Maríonssyni, málara, gegn Málarasveinafélagi Reykjavíkur, með stefnu dags. 4. nóv. 1939. Hefur hann fengið gjafsókn

og málflyttingsmaður verið skipaður til þess að flytja málið. Stefnandi gerir þær dómkröfur: 1. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða sekt í rikissjóð fyrir brot á lögum nr. 80/1938, 2. að stefndi verði dæmdur til þess að veita sér (stefnanda) inngöngu í Málarasveinafélag Reykjavíkur með fullum félagsréttindum, og 3. að stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur *aðallega*, að málinu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að hann verði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður, og *til þrautavara*, að málskostnaður verði látinn falla niður, þótt dómur gangi gegn honum.

Málavextir eru þeir, að 5. maí s. l. öðlaðist stefnandi máls þessa sveinsbréf í málaraiðn, að loknu námi og prófi í Hafnarfirði. Í ágústmánuði s. l. fluttist hann, að því er telja verður, til Reykjavíkur. Sótti hann síðan um upptöku í Málarasveinafélag Reykjavíkur, en á fundi í því félagi 11. okt. s. l. var honum synjað um inngöngu í félagið. Telur stefnandi, að stefndi hafi með þessu gerzt brotlegur við 2. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, með því að hann hafi samkvæmt þeirri grein átt tvímælalausan rétt á því, að fá inngöngu í félagið, þar sem hann hafði öðlzt sveinsréttindi í málaraiðninni og var búsettur í Reykjavík.

Stefndi hefur krafizt þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi. Byggir hann þá kröfu sína á því, að samkv. 1. lið 44. gr. laga nr. 80/1938 eigi dómurinn að eins að dæma um þau brot á nefndum lögum, sem framin séu í sambandi við vinnudeilur, en hér sé ekki um neina vinnudeilu að ræða. Á þennan skilning stefnda verður ekki fallist. Samkvæmt áður-nefndum 1. lið 44. gr. laga nr. 80/1938 verður að líta svo á, að félagsdómi beri að dæma í málum, er rísa út af kærnum um þess konar brot á greindum lögum, sem hér um ræðir og ber því að leggja dóm á mál þetta að efni til. Verður frávisunarkrafan því ekki tekin til greina.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að samkv. 3. gr. laga Málarasveinafélags Reykjavíkur sé félaginu heimilt að samþykkja eða synja inntökubeiðnum, er því berast. Þennan synjunarrétt hafi félagið notfært sér, er það neitaði stefnanda um upptöku. Nefnt ákvæði 3. gr. félagslaganna sé og í samræmi við 2. gr. laga nr. 80/1938, þar sem ráð sé fyrir því gert, að það fari eftir „ánar ákveðnum reglum í sam-

þykktum félaganna“, að hve miklu leyti þau séu opin fólki í hlutaðeigandi starfsgrein.

Það er ekki hægt að fallast á þá skoðun stefnda, að 2. gr. laga nr. 80/1938 veiti honum svo víðtækan rétt til þess að ráða því, hverjir geti orðið meðlimir í málarasveinafélaginu, sem hann vill vera láta, því með því móti gæti raunverulega að engu orðið sú meginregla nefndrar 2. gr., að stéttarfélögin skuli opin öllum í hlutaðeigandi starfsgrein. Og með því að stefnandi hefir, svo sem áður segir, öðlazzt sveinsbréf í málaraiðninni og er búsettur hér í Reykjavík og það skiptir auk þess miklu máli, að því er atvinnumöguleika fyrir hann varðar, að njóta félagsréttinda í málarasveinafélaginu, bæði vegna ákvæða í lögum þess, er banna félagsmönnum að vinna með utanfélagsmönnum, svo og vegna samninga félagsins við málarameistara, þá var stefnda óheimilt að synja honum um inngöngu í félagið, og hefur hann með því gerzt brotlegur við 2. gr. l. nr. 80/1938, og ber að refsa honum fyrir það. Þá ber og að dæma stefnda til þess að veita stefnanda félagsréttindi í Málarasveinafélagi Reykjavíkur með þeim réttindum og skyldum, er lög félagsins ákveða. Þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin eftir 70. gr. l. nr. 80/1938, kr. 100.00. Eftir þessum málsúrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 100.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Málarasveinafélag Reykjavíkur, greiði kr. 100.00 í sekt í ríkissjóð og er honum skylt að veita stefnanda, Magnúsi Guðbergi Maríonssyni, félagsréttindi í Málarasveinafélagi Reykjavíkur, með réttindum og skyldum samkvæmt lögum félagsins.

Stefndi greiði stefnanda kr. 100.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.